Nr. 5.
14. júní.

Konungsbrjef

um

setning alþingis.

Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Um leið og Vjer hjermeð veitum yður sem ráðherra Vorum fyrir Vort land Ísland umboð til þess í Voru nafni að setja alþingi það, er koma á saman til aukafundar mánudaginn 15. júlí næstkomandi, viljum Vjer, jafnframt og þingið við þetta tækifæri kemur saman í fyrsta skifti eftir lát Vors ástkæra föður, Frederiks konungs hins Áttunda, fela yður að bera fulltrúum Vorrar íslenzku þjóðar á alþingi Vora konunglegu kveðju.

Það er örugg von Vor, að Oss auðnist að taka höndum saman við fulltrúa þjóðarinnar til samhuga starfs fyrir land og lýð, og að það trúnaðarsamband milli konungs og þjóðar, er tengdi föður Vorn ástkæran svo nánum böndum við Íslendinga, megi ljetta þetta starf og með guðs hjálp veita Oss krafta og þrek í Vorri ábyrgðarþungu konungsstöðu. Vjer hugsum með gleði til þess, að þetta trúnaðarsamband megi styrkjast enn betur er Oss veitist tækifæri til að sækja Ísland heim.

Ritað á Amalíuborg, 14. júní 1912.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.).

Kristján Jónsson.

Til herra Kristjáns Jónssonar, kommandörs af Dannebrog, Vors ráðherra fyrir Ísland.

Allerhøjeste Reskript

Nr. 5.
14.
Juni.

om

Altingets Aabning.

Christian den Tiende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg.

Idet Vi herved bemyndige Dem som Vor Minister for Vort Land Island til i Vort Navn at aabne Altingets forestaaende overordentlige Samling Mandagen den 15. Juli næstkommende, ville Vi tillige have Dem bemyndiget til ved denne Altingets første Sammentræden efter Vor højtelskede Fader Kong Frederik den Ottendes Død at bringe de udvalgte Repræsentanter for Vort islandske Folk Vor kongelige Hilsen.

Det er Vort sikre Haab, at Vi maa mødes med Folkets Repræsentation i samdrægtigt Arbejde for Land og Folk, og at det til Gavn for dette Arbejde med Guds Bistand maa forundes Os under Vor ansvarsfulde Kongegerning at hente Kraft og Styrke af det samme Tillidsforhold mellem Konge og Folk, som knyttede Vor højtelskede Fader saa nær til Islands Befolkning, og som Vi glæde Os til at befæste ved Besøg paa Island.

Skrevet paa Amalienborg, den 14. Juni 1912.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

Kristján Jónsson.

Til Herr Kristján Jónsson, Kommandør af Dannebrog,
Vor Minister for Island.